

Nd.

268. Frumvarp

til áfengislaga.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson, Bergur Jónsson, Lárus Helgason,
Ólafur Thors, Jónas Þorbergsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vinanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.

Veiti Alþingi með sérstökum lögum heimild til tilbúnings áfengs öls á Íslandi, skal það, að því leyti sem þau lög ná til, vera undanþegið ákvæðum þessara laga um tilbúning, sölu og veitingar í landinu.

II. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn.

Sendiræðismönnum erlendra ríkja skal þó heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisparfa sinna án tollgreiðslu og álagningar, en tilkynna skulu þeir Áfengisverzlun ríkisins í hvert skipti, er innflutningur á sér stað.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna lög-gæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt

heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsigli og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínnum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er islenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist því líkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða frá tilkynningu, að það sé sent úr landi á hans kostnað, skal það gert, ella sé það eign rikissjóðs. Sama er, ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu, og skal þá telja frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign rikissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í islenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómilur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hölmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómilur, og 4 sjómilur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI.

Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða húa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, sbr. þó 2. gr.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ilátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

IV. KAFLI.

Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Heimilt er henni að leggja á áfengið allt að 100%, miðað við verð þess, hingað komið, að tolli viðbættum.

10. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja annað áfengi en það, sem um ræðir í lögum nr. 3, 4. apríl 1923, á útsölustöðum í kaupstöðum landsins nema meiri hluti viðkomandi bæjarstjórnar greiði atkvæði gegn því.

Áfengisverzluninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölastaði áfengis, þó aðeins í kaптúnunum, sem hafa yfir 300 íbúa. Áður en útsalan er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaптúninu, eða í viðkomandi hreppi, ef kaптúnið er ekki hreppur út af fyrir sig, um það, hvort útsalan skuli leyfð. Atkvæðagreiðslan skal fara fram á almennum hreppsfundi. Verði meiri hluti greiddra atkvæða móti útsölnunni, skal hún ekki leyfð.

11. gr.

Heimild til þess að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsöllum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vin, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækn-ingaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vinanda í, er þeir kaupa í innlendum lyfjabúðum, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins

til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.

3. Sala vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, skal lúta sömu reglum og um venjulegar verzlunarvörur gilda.

12. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til þess að leyfa veitingahúsum í kaupstöðum veitingar á vinum þeim, er um ræðir í lögum nr. 3, 4. apríl 1923. Hann getur og leyft veitingar annara vína, ef leyfisheiðni fylgja meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum um veitingastað og veitingatíma, sem bæjarstjórnin setur.

13. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengis-sölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

14. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs, og varðar sektum samkvæmt 32. gr., ef út af er brugðið.

15. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 24. gr.

16. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

17. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 30. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátur eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

18. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

VI. KAFLI.

Ölvun.

19. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannaferi, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

21. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

22. gr.

Séu skipstjórar, stýrimenn, bátáformenn eða vélstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkvæmt 20. gr. Kemur þá missir réttar til skipstjórnar, stýrimennsku eða vélgæzlu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

23. gr.

Ef flugmenn eða bifreiðarstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug eða akstur, varðar það missi flug- eða ökuskirteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

VII. KAFLI.

Refsiðkvæði.

24. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	1000— 5000 kr.
Öðru sinni	2000—10000 —
Þriðja sinni	4000—20000 —

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern litra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkn-ingar hvorutveggja.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

25. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlu-manni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengishirgðum samkvæmt 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði eins og segir í 24. gr. 1., síðustu málsgrein.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsigli eða van-rækt að skýra frá.

26. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 24. gr.

27. gr.

Brot gegn 7. gr. varða sektum, 100—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

28. gr.

Misbeiti læknir lækningsaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án

Þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 30. gr. 2. málsg., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

29. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 31. gr.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjótí nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

31. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21, 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 16. gr., varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skemur en einn mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæti sektum, 50—1000 kr.

32. gr.

Brot gegn ákvæðum 14. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

33. gr.

Brot gegn 17. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 18. gr. 1. málsg., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 18. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 króna sektum.

35. gr.

Brot gegn 19. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

36. gr.

Brot gegn 20.—22. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkvæmt ákvæðum áður-nefndra greina.

37. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr. 1. málsgr. eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð i orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður i verknaðinum, sæta sektum, 50—4000 kr.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

38. gr.

Af ágóða ríkisins af áfengissölu skulu árlega ganga 15000 kr. til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi innanlands.

39. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

40. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Lög þessi skal prenta á islenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64, 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Þvi verður ekki mótmælt, að á ýmsum tímum hefir áfengisneyzla Íslendinga verið úr hófi fram og þjóðinni skaðleg. T. d. er það kunnugt, að á niðurlægingatímum þjóðarinnar var óspart haldið að henni sterkum drykkjum af erlendum kaupmönnum, þótt önnur föng væru af skornum skammti í verzlunum þeirra. Alkunnar eru og hinar illræmdu staupagjafir og staupasníkjur, er tíðkuðust í verzlunum hinna erlendu selstöðukaupmanna langt fram eftir síðustu öld.

Tilraunir í þá átt að draga úr ofnautn áfengis hér á landi voru gerðar þegar á fyrri hluta 18. aldar, shr. almenna bænarskrá frá Alþingi 1733, þar sem farið er fram á algert aðflutningsbann á áfengi, eða því sem næst. Síðar á öldinni var þess og oft farið á leit af Íslendingum, að takmarkaður væri innflutningur áfengis, en engar af þessum tilraunum báru árangur.

Á 19. öldinni kemur hér fram ný stefna í þessum málum, bindindis-hreyfingin, sem miðar að því að ráða bót á óhóflegri áfengisnautn, með fræðslu og öðrum uppeldislegum áhrifum öllu fremur en með bannstarfsemi. Þessari stefnu óx ásmegin við stefnu Góðtemplarareglunnar hér á landi á síðari hluta aldarinnar.

Samhliða bindindisstarfseminni og að sjálfsögðu sökum áhrifa hennar fer löggjafinn nú að gera ýmsar takmarkanir á tilbúningi, sölu og veitingum áfengra drykkja. Er þess fyrst að geta, að með tilsk. 26. febr. 1872 er lagður sérstakur innflutningstollur á brennivín og aðra áfengra drykki, en allar aðrar vörur voru þá tollfrjálssar. Með l. nr. 3 frá 10. febr. 1888 eru fyrst lagðar verulegar hömlur á sölu og veitingar áfengra drykkja í landinu. Auk lyfsala er kaupmönnum einum, þ. e. þeim, sem verzlunarleyfi höfðu, leyfð sala áfengis, en staupagjafir þeirra og aðrar vinveitingar í verzlunarhúsunum bannaðar með öllu. Vinveitingar mega engir hafa með höndum aðrir en veitingamenn, sem til þess höfðu fengið leyfi, en það var því aðeins veitt, að meiri hluti viðkomandi hreppsþúa eða bæjarþúa samþykkti það með almennri atkvæðagreiðslu, og þurfti auk þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda í sveitum og bæjarstjórna í kaupstöðum.

Með l. nr. 26, 11. nóv. 1899, er enn hert á takmörkun vínsölu og vinveitinga. 500 króna árlegt gjald er lagt á hvern þann, sem verzlun rekur með áfengra drykki. Ný leyfisbréf til áfengissölu kosta auk þess 500 kr. og eru aðeins veitt til 5 ára. Bannað er að veita þau nema hreppsnefnd, sýslunefnd eða bæjarstjórn sé því meðmælt. — Á veitingar áfengra drykkja eru settar svipaðar hömlur. Veitingaleyfi kosta 300 kr. í kaupstöðum og utan kaupstaða 200 kr. Auk þess greiðist af veitingunum jafnhátt árlegt afgjald. Veitingaleyfi eru ekki veitt nema meðmæli hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarþúa, hrepps- og sýslunefnda og bæjarstjórna komi til.

Loks var með l. nr. 5, 12. jan. 1900, lagt bann við tilbúningi áfengra drykkja á Íslandi, að öli undanskildu.

Áfengislöggjöf þá, sem hér hefir verið skýrt frá í aðalatriðum, áttu Íslendingar við að búa þar til aðflutningsbannlögin frá 30. júlí 1909 koma í gildi.

Það mun kunnara en frá þurfi að segja, að á árunum frá 1890—1912 dró mjög úr ofdrykkju og áfengisnautn hér á landi. Er líklegt, að á fyrsta tug þessarar aldar hafi minna verið neytt áfengis hér en tíðkæzt hafði um margar undanfarnar aldir. T. d. fækkaði áfengissölustöðunum stórum ár frá ári, svo að árið 1906 var áfengi aðeins selt á 14 verzlunarstöðum af um 70 alls. Þessa breytingu má óefað þakka hæfilega takmarkaðri áfengislöggjöf samfara ötulli bindindisstarfsemi í landinu.

En Góðtemplarar og aðrir, sem unnið höfðu að bindindisstarfsemi, hugðu, að þeir mundu geta gert áfengisnautn með öllu landræka með aðflutningsbanni á áfengi. Fengu þeir því framgengt, að aðflutningsbannlögin frá 1909 voru samþykkt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem ca. 60% greiddra atkvæða féllu með banninu.

Bannlögin koma í gildi 1. janúar 1912, og eru því nú liðin 20 ár frá gildistöku þeirra.

Tilfnið til þess, að frumvarp þetta er flutt, er sú sannfæring, að bannlögin hafi í engu náð markmiði sínu, að þau hafi þvert á móti stuðlað að aukinni áfengisnautn og að þau séu skaðleg að ýmsu öðru leyti. Skal til sönnunar þessu álitu bent á eftirfarandi atriði, sem alþjóð eru kunn:

1. Að bannlögin hafa ekki náð því takmarki að útrýma vinnautn úr landinu, er hverjum manni kunnugt. Spánarvinaundanþágunni er ekki einni um þetta að kenna, því að ólöglegur aðflutningur áfengis og ólögleg áfengisbruggun fer fram jafnhliða Spánarvínasölnunni. Mundi hvorttveggja að öllum líkindum vera stórum meira, ef innflutningur Spánarvínanna hefði ekki komið til.

Á þeim tíma, sem bannlögin hafa staðið, hefir drykkjuskapur aukizt stórum hjá öllum stéttum. Sérstaklega kemur það fram hjá yngri kynslóðinni, konum sem körlum. Fyrir tíma bannlaganna drukku konur ekki svipað því eins almennt og nú.

Þá hefir hugsunarháttur manna gagnvart vinnautn um hóf fram breytzt á þá leið, að nú þykir hún „sport“, en var áður talin til vansæmdar.

Á síðustu árum er að rísa upp nýr atvinnuvegur í landinu, þar sem heima-bruggunin er. Er reynsla fyrir því, að hún þrífst bezt í skjóli bannlaga, og væri mikils um vert, ef unnt yrði að koma í veg fyrir vöxt hennar. Hafi bannið nokkursstaðar á landinu dregið úr vinnautn, mun það hafa verið til sveita, en nú má búast við, að bruggið auki þar vinnautn hraðfara í náinni framtíð, ef engin breyting verður á bannlögunum.

2. Auk aukinnar áfengisnautnar, margvislegrar innsmyglunar, leynisölu og heimabriggs, sem allt má að mestu leyti skrifa á reikning bannlaganna, liggur ýms önnur skaðsemi þeirra í augum uppi.

Lögin hafa sýnt sig að vera þess eðlis, eins og í upphafi var fyrir þeim spáð, að allur fjöldi þeirra manna, sem á annað borð neyta áfengis, hafa enga samvizku haft af að brjóta þau. Af þessu leiðir aftur, að lögin eru óframkvæm-

anleg, svo að gagni sé. Þeir, sem sektum sæta, eru ekki nema örlítið brot allra hinna seku. Hert hefir verið hvað eftir annað á hegningarákvæðum laganna og virðist að litlu eða engu gagni hafa komið. Löggæzlan hefir verið aukin svo, að kostnaðar vegna er ekki á bætandi, og þó virðist ólögleg áfengisnotkun ekki réna og á sumum sviðum aukast (heimabruggunin). Að þetta getur og veikt löghlýðni manna á öðrum sviðum, þarf ekki að efa.

Á þeim tíma, sem bannlögin hafa staðið, hefir ógrynni áfengra drykkja verið flutt ólöglega hingað til lands, og er enn. Heilir skipsfarmar hafa verið fluttir hingað, og þótt náðst hafi í suma og þeir verið gerðir upptækir, má alveg eins búast við, að fleiri hafi sloppið inn, ef miðað er við aðra framkvæmd bannlaganna. Af þessu smyglaða víni greiðist enginn tollur, heldur rennur gróðinn óskertur í vasa leynisalanna og annara innflytjenda. Þegar nú athugað er, að tollur er lagður á hverskonar innfluttar nauðsynjavörur, sést það bezt, hve fjarri lagi það er, að vinnautn manna, ekki sízt hinna efnaðri stétta, skuli vera skattfrjáls.

Við samninga frumvarps þessa hefir það vakað fyrir, að sleppa úr islenzkri löggjöf því slitri, sem enn er eftir af bannlögum, en færa áfengislöggjöfina í svipað horf og hún var á fyrsta tug aldarinnar, sem reynsla er fyrir, að þá reyndist vel. Í stað þess, að innflutningur var þá frjáls þeim, sem verzlunaleyfi og veitingaleyfi höfðu, er nú ætlazt til, að ríkið eitt flytji inn áfengi og annist sölu þess í landinu, en um útsölustaði og veitingastaði eru svipuð takmörk sett og áður var. Með vilja er ekkert hreyft við núgildandi ákvæðum um sölu Spánarvína, þar sem þau verða að haldast óbreytt meðan samningurinn við Spán stendur.

Þá er og til þess ætlazt, að nokkuð af ágóða ríkisins af sölu áfengis gangi jafnan til eflingar bindindistarfsemi í landinu, svo að hún geti notið sin eins og þá, er bezt var. Hafa Stórstúku Íslands verið ætlaðar framkvæmdir í því efni.

Einstakir flutningsmenn áskilja sér að bera fram breytingartillögur um einstök atriði frumvarpsins.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Skilgreiningu á áfengi er haldið óbreyttri frá því, sem er í l. nr. 64 1930.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa sérlög um tilbúning, sölu og veitingar áfengs öls, ef svo fer, að tilbúningur þess verður heimilaður. Hinsvegar ná ákvæði II. kafla, um innflutning áfengis, og VI. kafli, um ölvun, svo og önnur ákvæði laganna, að því leyti sem sérlögin um ölið mæla ekki öðruvísi fyrir, til áfengs öls.

Um 3. gr.

Einkasölu ríkisins á áfengi, sbr. l. nr. 69, 7. maí 1928, er hér gefinn frjáls innflutningur hverskonar áfengis, sbr. 1. gr. Ekki þykir rétt að skylda hana til að flytja inn ákveðnar tegundir eða hverja þá tegund, sem menn óska eftir, því að vænta má, að innflutningurinn verði í samræmi við óskir landsmanna.

Um 4. gr.

Nauðsyn mun verða á strangri tollgæzlu að því er vin snertir, þótt lög þessi nái gildi. Rétt þykir, að skip fái að halda hæfilegum skipsforða til eigin neyzlu, en veitingar á skipum þykja of viðsjárverðar til þess að leyfðar verði.

Um 6. gr.

Þótt innflutningur ólöglegs áfengis sé fullframinn þegar skip er komið í íslenska landhelgi, sbr. 25. gr., þykir verða að taka eins strangt á því, að tekið sé við áfengi á sjó úti, þótt í landhelgi sé, t. d. úr erlendum skipum, og það flutt inn í landið.

Ákvæðið um landhelgina er bundið við þessi lög ein, þar sem almennt ákvæði um hana gæti farið í bág við önnur lög, en tilgangur þessara laga nær ekki til þess að ákveða hana í öllum samböndum.

Um 7. gr.

Bann við bruggun áfengis í landinu er látið haldast hér óbreytt frá eldri lögum. Setji ríkið upp bruggun, mundi þurfa sérlög um það, og er því ekki ástæða til slíkrar heimildar í þessum lögum.

Um 9.—10. gr.

Ætlazt er til, að Áfengisverzlun ríkisins hafi vinútsölur í kaupstöðum landsins, svo sem nú er, og að þar verði selt vín, sem inn er flutt samkv. l. nr. 31 1923. Því aðeins verði sterkari vín seld á útsölustöðunum, að meiri hluti viðkomandi bæjarstjórnar greiði ekki atkvæði gegn því. Er ekki til þess ætlazt, að vínunum sé þrengt upp á bæjarfélögin gegn vilja þeirra.

Ekki þykir rétt, að settar séu vinútsölur utan kaupstaða annarsstaðar en í kaupúnum með minnst 300 íbúum og að íbúarnir fái sjálfir að ráða því, hvort útsalan skuli sett.

Um 12. gr.

Um veitingar vína samkv. l. nr. 3 1923 eru látin haldast óbreytt núgildandi ákvæði. Til þess að leyfð verði veiting annara vína útheimtist í hverju falli meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Um 13. gr.

Í reglugerð samkv. þessari gr. verða sett öll nánari skilyrði fyrir sölu og veitingum áfengra drykkja, m. a. á hvaða tímum veitingar megi fram fara og hvort aðrar veitingar megi fram fara í sömu herbergjum og áfengi er veitt í.

Um 18. gr.

Með ákvæðinu í síðari hluta gr. á að koma í veg fyrir það, að farið verði í kringum bann við veitingum áfengra drykkja með málamyndafélagsstofnunum, sem auðvelt er að fá aðgang að. Hinsvegar er ákvæðið ekki því til fyrirstöðu, að einstakir menn geti haft ókeypis áfengisveitingar um hönd, t. d. í veizlum, er þeir halda, án leyfis lögreglustjóra.

Um 19. gr.

Ekki þótti ástæða til þess að refsa fyrir ölvun út af fyrir sig, geri hinn ölvaði sig ekki jafnframt sekan um óspektir á almannaþæri eða aðra hneykslana framkomu.

Um 20.—23. gr.

Samhljóða að mestu 17.—20. gr. í l. nr. 64 1930.

Um 24. gr.

Refsingar samkvæmt lögum þessum eru viðast færðar til muna niður frá því, sem nú er. Að því er snertir ólöglegan innflutning áfengis til sölu eða veitinga þótti þó rétt að hafa sektarákvæði þau sömu og nú eru, en færa hinsvegar fangelsisrefsingu niður og gera ekki að skyldu að beita henni nema um margítrekað brot sé að ræða. Við fyrsta eða annað brot mundi henni ekki verða beitt nema miklar sakir væru, svo sem stórfelld smyglun, eða smærri smyglun sem atvinnugrein um lengri tíma.

Samkv. 2. tölul. gr. er það lagt á vald dómara að meta, hvort líklegt sé, eftir öllum atvikum, að innflutt áfengi hafi verið ætlað til sölu eða veitinga gegn borgun.

Hin lægri sekt, sem skipstjóra er gerð samkv. 2. tölul., er bundin við það, að vin fannist í skipi, sem skipstjóri ber ábyrgð á, sbr. 4. gr., en ekki sannist hver valdur er að innflutningnum.

Um 28. gr.

Sjálfsgagt þykir að halda ákvæðum um refsingu við því, ef læknar eða lyfsalar misnota leyfi sitt til útvegunar eða sölu áfengis til lyfja. Hætta á misnotkun mundi einkum vera á stöðum, þar sem áfengisútsala hefði ekki verið leyfð, og sé ekki fyrir hana girt, mundi sjálfsákvörðunarréttur einstakra kaupstaða eða kaupþúna um vinsöluleyfi koma að litlu haldi.

Um 30.—36. gr.

Refsingar eru yfirleitt færðar niður frá því, sem nú er.

Um 37. gr.

Refsing fyrir hlutdeild er hér eingöngu bundin við ólöglegan innflutning áfengis, sbr. 3. gr., ólöglega viðtöku áfengis í ísl. landhelgi, sbr. 6. gr. 1. mgr., og ólöglegan tilbúning áfengis skv. 7. gr., sbr. og 17. gr., þar sem refsing er sérstaklega lögð við hlutdeildarbroti.

Um 38. gr.

Gr. er í samræmi við það álit, að bindindisstarfsemi sé nauðsynleg í landinu, sbr. greinargerð frv.